

REGLUR

um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar

I. KAFLI

Framkvæmd undanþágna.

1. gr.

Bifreiðastjórafélögunum Andvara, Átaki og Frama er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðborgarsvæðið telst Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, og Bessastaðahreppur. Bifreiðastjórafélögin skulu leggja fram félagaskrár sínar til umsjónarnefnda fólksbifreiða á viðkomandi svæði og skulu að lágmarki tíu bifreiðastjórar vera meðlimir í viðkomandi bifreiðastjórafélagi á höfuðborgarsvæðinu.

Bifreiðastjórafélögunum Fylki og Frey er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar í Reykjanesbæ, Höfnum, Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandarhreppi.

Bifreiðastjórafélaginu Faxe er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar í Árborg.

Bifreiðastjórafélagi Akureyrar er falið að sjá um framkvæmd og eftirlit með undanþágum leyfishafa frá akstri eigin bifreiðar á Akureyri.

Bifreiðastjórafélögin skulu annast framkvæmd og eftirlit undanþága fyrir sína félagsmenn. Bifreiðastjóra sem kys að standa utan félaga er þrátt fyrir það skylt að leita til eins af starfandi félögum bifreiðastjóra á hans svæði varðandi undanþágur frá akstri eigin bifreiðar. Hefur hann frjálst val um hvaða ofangreinds félags hann snýr sér til. Ber honum að tilkynna hlutaðeigandi umsjónarnefnd með sannanlegum hætti um val sitt. Ef bifreiðastjóri sem er utan félaga ákveður að beina umsóknum sínum um undanþágur til annars félags ber honum að tilkynna það viðkomandi umsjónarnefnd með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

Sætti bifreiðastjóri sig ekki við ákvörðun bifreiðastjórafélaganna er honum heimilt að áfrýja til umsjónarnefndar fólksbifreiða á viðkomandi svæði og er úrskurður hennar endanlegur á sviði stjórnslunnar.

2. gr.

Bifreiðastjórafélögin skulu fara eftir lögum og reglum um leigubifreiðar og reglum þessum og þar sem vafamál koma upp skal hafa hliðsjón af reglum sem gilda á vinnu- markaði og skulu bifreiðastjórafélögin afgreiða þau af sanngirni þannig að jafnræðis sé gætt á milli bifreiðastjóra.

Á svæðum þar sem fleiri en eitt félag bifreiðastjóra annast útgáfu undanþága skal hlutaðeigandi umsjónarnefnd að höfðu samráði við hlutaðeigandi bifreiðastjórafélög setja reglur um útgáfu á akstursheimildum, svo að eftirlit bifreiðastjórafélaga, málsmeðferð, form, útlit og efni akstursheimilda verði samræmt eins og kostur er.

3. gr.

Bifreiðastjórafélögunum er aðeins heimilt að veita undanþágu til leyfishafa til að ráða til sín launþega sem uppfylla skilyrði 1., 2., 4. og 5. tölul. 3. gr. laga um leigubifreiðar.

II. KAFLI

Undanþágur vegna orlofs.

4. gr.

Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína í 5 vikur í orlofi. Við hver 5 ár frá leyfisveitingu í samfelldu starfi bætist ein vika við útgerðarheimildina. Þó má orlofsútgerð aldrei vara lengur en 9 vikur á ári. Útgerð í orlofi er bundin við heilar vikur og er lágmarksútgerðartími ein vika.

5. gr.

Orlofstímabil hefst 1. maí ár hvert og stendur til 30. apríl árið eftir. Ekki er hægt að færa orlof á milli tímabila.

III. KAFLI

Undanþágur vegna veikinda.

6. gr.

Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína í veikindum í allt að eitt ár, sanni hann það með læknisvottorði að hann sé óvinnufær. Þó skal útgerð háð eftirfarandi takmörkunum:

a. Viðkomandi skal ekki stunda aðra atvinnu eða nám á því tímabili sem útgerðin stendur, sjá þó 9. gr.

b. Viðkomandi skal ekki dvelja erlendis á því tímabili sem útgerðin stendur, nema til að leita sér lækninga samkvæmt úrskurði trúnaðarlæknis bifreiðastjórafélaganna.

c. Áfengis meðferð telst til veikinda í fyrsta skipti en ekki ef um ítrekaða meðferð er að ræða.

7. gr.

Óski leyfihafi eftir undanþágu í lengri tíma en eitt ár er heimilt að veita frekari undanþágu ef veikindi hans teljast alvarleg, langvarandi og með þeim hætti að honum sé ófært að stunda almenna atvinnu. Trúnaðarlæknir bifreiðastjórafélaganna sker úr um það hvort veikindi séu með þessum hætti.

8. gr.

Í undantekningartilfellum er heimilt að veita leyfishafa heimild til að aka á móti launþega, óski hann þess vegna undangenginna alvarlegra veikinda. Miða skal við eftirfarandi tvo kosti í þessu sambandi:

a. Leyfishafi ekur sjálfur frá sunnudegi til föstudags, en hefur launþega frá kl. 20.00 til kl. 8.00 helgarnætur (aðfararnætur laugar- og sunnudaga).

b. Aka á móti launþega, þannig að frá sunnudegi til föstudags, ekur leyfishafi allt að sex tíma á dag. Þessi tími skal ákveðinn fyrirfram, t.d. kl. 6.00 – 12.00. Launþegi má aka 12 tíma á dag, t.d. kl. 12.00 – 24.00 mánudag til fimmtudags og frá kl. 20.00 til 8.00 helgarnætur (aðfararnætur laugar- og sunnudaga).

Þessi útgerð er þó aldrei heimiluð nema tvo mánuði á hverju almanaksári, hvor valkostur.

9. gr.

Þrátt fyrir 6. og 7. gr. má heimila leyfishafa að stunda takmarkaða atvinnu í stuttan tíma eða sækja námskeið á meðan hann hefur leyfi til að gera út í veikindum, en þá skal sótt um það sérstaklega.

10. gr.

Sækja skal um heimild til útgerðar í veikindum á þar til gerðu eyðublaði hjá bifreiðastjórafélögunum.

Þar skal tilgreina:

- Dvalarstað umsækjanda á meðan á útgerð stendur;
- tegund útgerðar;
- nafn, kennitölu, stöð, stöðvarnúmer og síma umsækjanda;
- nafn heimilislæknis og sérfræðings.

Bifreiðastjórafélögin ásamt trúnaðarlækni skulu á hverjum tíma fylgjast með því að upplýsingar þær er koma fram á umsókn og læknisvottorði standist.

IV. KAFLI

Álagstímar.

11. gr.

Bifreiðastjórafélag getur heimilað leyfishafa að gera út bifreið sína föstudags- og laugardagsnætur og skal þá viðkomandi umsjónarnefnd ákveða tímamörk slíkra útgerða á sínu starfssvæði.

12. gr.

Þegar leyfishafi nær 65 ára aldri eða er 65% öryrki er honum heimilt að gera út bifreið sína frá kl. 20.00 til kl. 08.00 helgarnætur. Má leyfishafi ekki aka á milli kl. 20.00 föstudag og kl. 08.00 sunnudag þá helgi sem útgerðin stendur yfir.

V. KAFLI

Viðgerðir og endurnýjun á bifreið.

13. gr.

Leyfishöfum er heimilt að fá afnot bifreiðar annars leyfishafa vegna endurnýjunar eða viðgerðar á bifreið sinni í allt að sex mánuði. Slíkt ber að tilkynna viðkomandi félagi.

VI. KAFLI

Ökuheimildir.

14. gr.

Í öllum tilfellum er leyfishafi ræður launþega skal hann áður fá ökuheimild hjá viðkomandi félagi. Skal félagið gefa út heimild í samræmi við reglur þessar. Á heimildinni skal tilgreindur tími og takmarkanir heimildarinnar auk nafna leyfishafa og launþega, númer bifreiðar, bifreiðastöð og stöðvarnúmer. Í undantekningartilfellum er trúnaðarmönnum heimilt að veita akstursheimild. Gjald fyrir veitta undanþágu er kr. 700 fyrir hvern byrjaðan mánuð sem undanþágan er veitt, sbr. 3. mgr. 11. gr. reglugerðar um leigubifreiðar nr. 224/1995.

VII. KAFLI

Eftirlit.

15. gr.

Bifreiðastjórafélögin hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt vegna sinna félagsmanna. Skulu þau ráða sér trúnaðarmenn á öllum bifreiðastöðvum sér til fulltingis. Skulu leyfishafar sem og launþegar, sýna trúnaðarmönnum viðkomandi skilríki sé þess óskað. Telji trúnaðarmaður að reglur þessar séu brotnar eða honum neitað um að sjá skilríki er honum skylt að tilkynna slíkt til viðeigandi bifreiðastjórafélags. Þá skulu bifreiðastjórafélögin ráða trúnaðarlækni varðandi undanþágu vegna veikinda.

Bifreiðastjórafélagi sem annast undanþágur samkvæmt heimild í 1. gr. ber að senda viðkomandi umsjónarnefnd á þriggja mánaða fresti yfirlit yfir allar undanþágur veittar af félaginu það tímabil. Umsjónarnefnd getur þó ætíð óskað eftir slíku yfirliti oftar ásamt því að óska eftir upplýsingum um afgreiðslur á málum einstakra leyfishafa. Telji umsjónarnefnd að bifreiðastjórafélag beiti heimildum til útgáfu á undanþágum á skjön við þær reglur sem gilda ber nefndinni að tilkynna viðkomandi félagi um þá afstöðu með áskorun um að úr verði bætt. Verði ekki orðið við áskorun nefndarinnar ber henni að tilkynna samgönguráðuneytinu um slíkt. Áður en slíkt er gert skal þó hlutaðeigandi félagi gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum að fyrir nefndinni.

VIII. KAFLI

Viðurlög.

16. gr.

Bifreiðastjórafélagunum er skylt að tilkynna viðkomandi bifreiðastöð, ef bifreiðastjóri þar hefur brotið gegn þessum reglum og ber að stöðva afgreiðslu bifreiðarinnar. Slíkt tilkynnist jafnframt til umsjónarnefndar.

17. gr.

Ef um ítrekuð brot er að ræða missir leyfishafi rétt til að fá undanþágur og launþegi fær ekki akstursheimild í ákveðinn tíma eftir nánari reglum sem viðkomandi félag setur í samráði við umsjónarnefnd. Slíku er þó ávallt hægt að áfrýja til umsjónarnefndar í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga um leigubifreiðar nr. 61/1995.

18. gr.

Reglur þessar, sem eru settar með stoð í lögum um leigubifreiðar nr. 61/1995 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 492/1997 um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 8. nóvember 1999.

Sturla Böðvarsson.

Ólöf Nordal.

SAMÞYKKT

um búfjárhald á Akranesi.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi á Akranesi, koma í veg fyrir ágang á lóðir bæjarbúa og vernda gróður í landi kaupstaðarins. Samþykktin á einnig að tryggja að hús fyrir búpening, umhverfi þeirra og önnur aðstaða sé þrífaleg og í samræmi við kröfur opinberra yfirvalda.

2. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Akraneskaupstað, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar. Öll lausaganga búfjár í landi Akraneskaupstaðar er óheimil.